



HJÁLPARLIÐ ALMANNAVARNA

2021

SAMKOMULAG RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA VIÐ SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG OG RAUÐA
KROSSINN UM HLUTVERK Í HEILDARSKIPULAGI HJÁLPARLIÐS VEGNA ALMANNAVARNA



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Ríkislögreglustjóri annars vegar og Rauði krossinn á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning um hlutverk þeirra í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna á hættu- og neyðartímum. Samningurinn er gerður með hliðsjón af 8.gr laga um almannavarnir nr: 82. frá 2008.

1. gr.

Ríkislögreglustjóri mun samkvæmt samningi þessum gera sérstakt samkomulag við Rauða krossinn á Íslandi um hlutverk og verkefni Rauða krossins í heildarskipulagi vegna almannavarna á hættu- og neyðartímum og þjálfun og fræðslu vegna þeirra verkefna. Það samkomulag er hluti þessa samnings.

2. gr.

Ríkislögreglustjóri mun samkvæmt samningi þessum gera sérstakt samkomulag við Slysavarnafélagið Landsbjörg um hlutverk og verkefni björgunarsveita og slysavarna-deilda, landsstjórnar björgunarsveita og svæðisstjórna í almannavarnaáðgerðum á hættu- og neyðartímum sem og þjálfun og fræðslu vegna þeirra verkefna. Það samkomulag er hluti þessa samnings.

3. gr.

Aðilar samkomulagsins tilnefna tvo fulltrúa hver í samstarfsnefnd um heildarskipulag hjálparliðs almannavarna til þess að fylgja eftir og viðhalda ákvæðum þessa samnings. Fulltrúi ríkislögreglustjóra hefur formennsku í nefndinni.

4. gr.

Ríkislögreglustjóri beitir sér fyrir því að almannavarnanefndir og lögreglustjórar annars vegar, og svæðisstjórnir, einingar Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauði krossins á Íslandi hins vegar, geri samning um skipun hjálparliðs, boðun þess og aðkomu að stjórnun aðgerða. Samningurinn skal staðfestur af lögreglustjóra viðkomandi umdæmis.

5. gr.

Ekkert í samningnum hindrar þó lögreglustjóra, að fengnum tillögum almannavarnanefndar, í að skipa sérstakt hjálparlið innan umdæmis síns, ef aðstæður krefjast.

6. gr.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og fær hver samningsaðili eitt eintak. Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegum hætti, undirrituðum af hlutaðeigandi aðilum.

7. gr.

Við undirskrift þessa samnings fellur *Samkomulag um heildarskipulag hjálparliðs vegna almannavarna* úr gildi sem var undirritað 7. mars 2012.

8. gr.

Samningurinn skal tekinn til endurskoðunar að fimm árum liðnum frá undirritun en er að öðru leyti uppsegjanlegur af hverjum samkomulagsaðila fyrir sig með sex mánaða fyrirvara. Einnig er skylt að taka samninginn eða einstakar greinar hans til endurskoðunar innan sex mánaða frá þeim tíma sem skrifleg ósk berst um slíkt.

Reykjavík 22. október 2021

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
ríkislögreglustjóri

Sveinn Kristinsson
formaður Rauða krossins á Íslandi

Otti Rafn Sigmarsson
formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Samkomulag þetta er staðfest af dómsmálaráðherra
sbr. *lög um almannavarnir 82/2008*

dómsmálaráðherra